



Alþingi
Erindi nr 136/610/10
komudagur 6.12.2008

Reykjavík, 18. desember 2008

Ályktun háskólaráðs vegna fjárhagsáætlunar Háskóla Íslands fyrir árið 2009

Háskólaráð Háskóla Íslands hefur á fundi sínum í dag fjallað um fjárhagsáætlun Háskólans fyrir árið 2009 í ljósi endurskoðaðs fjárlagafrumvarps og nýrra umsókna um nám í skólann. Samþykkti háskólaráð eftirfarandi ályktun:

„Í endurskoðuðu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009 sem lagt hefur verið fram á Alþingi sætir Háskóli Íslands miklum niðurskurði. Samanlagt nemur niðurskurðurinn tæpum milljarði króna eða 10% af áætlaðri fjárveitingu til skólans miðað við fjárlagafrumvarp sem lagt var fram á Alþingi í október sl. Hlutfallslegur niðurskurður fjárveitinga til Háskólans er meiri en til annarra íslenskra háskóla. Gripa þarf til margvíslegra aðgerða til þess að varðveita kjarnastarfsemi Háskólans og tryggja nemendum fullnægjandi gæði kennslu og þjónustu við mjög erfiðar aðstæður í samfélaginu. Við blasir að gæta þarf mikils aðhalds og ráðast í hagræðingu í öllum rekstri skólans, þ.m.t. í launakostnaði, sem tekur til endurskoðunar á yfirvinnu og fastlaunasamningum og endurskipulagningu námsleiða. Frestun verður á framkvæmd árangurstengds rannsóknasamnings við menntamálaráðuneyti, sem m.a. tekur til nýrra starfa, stuðnings við framhaldsnám, stuðnings við rannsóknir, kaup á rannsóknatækjum o.fl. Háskólinn hefur staðið við alla þá árangursmælikvarða sem í samningum eru og gott betur. Enn fremur verður að beita auknu aðhaldi vegna rannsóknamissera og ferðalaga og endurnýjunar á tækja- og tölvubúnaði. Ljóst er að þessar aðgerðir reyna verulega á alla starfsemi Háskólans.

Á sama tíma hefur Háskóli Íslands brugðist við ákalli stjórnvalda um að opna dyr sínar fyrir umsóknum um nám nú á vormisseri 2009 til að bregðast við afleiðingum fjármálakreppunnar. Í því skyni rýmkaði skólinn umsóknarfrest um nám til 15. desember. Alls hafa borist yfir 1.600 umsóknir um nám á grunn- og framhaldsstigi, sem svarar til um 13% af heildarnemendafjölda Háskólans. Þessi mikla eftirspurn sýnir mikilvægi Háskólans og þær væntingar sem gerðar eru til hans. Háskóli Íslands mun axla samfélagslega ábyrgð í þessu efni, en á hinn bóginn eru takmörk fyrir því hversu langt er unnt að ganga þannig að gæði starfseminnar hljóti ekki skaða af. Þess vegna hlýtur háskólaráð að gera ráð fyrir að stjórnvöld samþykki sérstaka fjárveitingu til þess að hægt sé að mæta þeim viðbótarkostnaði sem af þessu myndi hljóta fyrir Háskóla Íslands.“